

---

## FUNDARGERÐ

**Fundur:** 106. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.  
**Fundartími:** Fimmtudagur 30. apríl 2015, kl. 10:00-12:00  
**Fundarstaður:** HS Veitur, Bæjarhraun 14 Hafnarfirði  
**Fundarefni:** 1) Gögn ársins 2014.  
2) Stuðlar ársins 2014, gögn til Orkustofnunar.  
3) Skerðanlegur flutningur, skráning skerðingar.  
4) Nýr vefur, [www.truflun.is](http://www.truflun.is)  
5) Önnur mál.

---

Á fundinn mættu:

START: Ragnar Stefánsson, Landsnet  
Benedikt Einarsson, Orkuveita Reykjavíkur  
Egill Sigmundsson, HS Veitur  
Gunnar Haukur Gunnarsson, Norðurorka  
Kjartan Rolf Árnason, RARIK  
Ragnar Emilsson, Orkubú Vestfjarða

EFLA: Ingvar Baldursson  
Kolbrún Reinholdsdóttir

Fjarverandi: Magnús Júlíusson, Orkustofnun  
Sigfús Guðlaugsson, Rafveita Reyðarfjarðar

106 fundur START hópsins.

- 1) Allar veitur fyrir utan Rafveita Reyðarfjarðar hafa skilað gögnum til Orkustofnunar.
- 2) KR fór yfir skýrsluna „Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2005-2014“. Drög að skýrslunni var dreift á hópinn fyrr í vikunni.

Gerðar voru athugasemdir við myndir 7 og 13.

Umræða var hvort notendur dreifiveitna væru að spyrjast fyrir um þessa stuðla. BE nefndi að mest væru fyrirspurnir frá ráðgjöfum sem eru að vinna fyrir viðskiptavinni dreifiveitna um áreiðanleika á afhendingu orku á ákveðnum stað. Og þá væri fjöldi tilvika notað til að meta þörf á varaafli og lengd truflana að meta stærð varaafls. KRÁ nefndi að einnig væru kvartanir frá notendum vegna truflana.

KRÁ nefndi að áflog fugla á raflínur koma fram þegar verið er að reikna stuðla sem er innan við 3 mínútur.

KRÁ spyr hvort skrá á viðhaldstilvik hjá Landsenti sem veldur truflun í kerfi dreifiveitu og hvernig eigi að skrá það. Vill fá skýrari leiðbeiningar vegna skráningar á þessum tilvikum.

RE segir að OV skráir ekki tilvik sem eru skipulagt viðhald hjá Landsneti.

BE nefndi ef skoðað væri truflanir eftir háspennu og lágspennu kæmi í ljós að stærsti hluti skerðingar verða í háspennukerfinu og meðan fjöldi truflana væri lágspennukerfinu.

KRÁ benti á að aukinni strengvæðingu hjá RARIK hafa skilað sér í færri truflunum. Tilvikum þar sem áflog fugla á raflínur hafa verið að fjölga og gæti búskapahættir haft áhrif, s.s. aukin kornrækt.

ES nefndi gæði spennu í kerfi Landsnets. Núna er mun algengara er að tíðni spennu breytist. RS benti á að Landsnet fylgist með spennugæðum. Oft eru atburðir hjá stóriðju sem hafa áhrif á kerfi Landsneti.

BE, OR hefur fengið upplýsingar frá Landsenti í truflana tilvikum og fengið góða þjónustu frá Landsneti.

Hægt er að koma með athugasemdir við skýrslu til 22. maí. Í kjölfarið verður skýrslan gerð aðgengileg á truflun.is.

- 3) Skerðanlegur flutningur, skráning skerðingar. Umræða hefur verið hjá Landsneti skráning skerðingar á skerðanlegum flutningi þegar notandi fær ekki afhenda orku.

Umræða var um þetta atriði.

- 4) Nýr vefur, [www.truflun.is](http://www.truflun.is)

Ný vefsíða START hópsins leit dagsins ljós 15. janúar og leysti af hólmi eldri vef. Vefsíðan er hönnuð af AP media í samstarfi við starfsmenn EFLU. IB fór yfir vefinn og sýndi upplýsingar um notkun hans.

KR benti á að hafa tengingu á vefsíðu veitna yfir á [truflun.is](http://truflun.is).

5) Önnur mál

a) „*Dæmi um skráningu tuflunar*“. IB fór yfir fyrirspurn frá RARIK um skráningu á truflun.

b) *Spennugæði*. Framhald af umræðu fyrr á fundinum um gæði spennu Landsnets. KRÁ, áhugavert væri að halda saman upplýsingar um þetta atriði og það væri aðgengilegt. RS sýndi Frammistöðuskýrslu Landsnets fyrir árið 2014 (Afhendingaröryggi og gæði flutningskerfisins) og benti á myndir um spennu og tíðnigæði eftir afhendingarspennu og afhendingarstöðum.

Fleira ekki gert. Næsti fundur er fyrirhugaður 22. október 2015 hjá EFLU Höfðabakka 9, kl. 10-12.

Ingvar Baldursson

Dreift var fyrir fundinn:

- Skýrsla: Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2005-2014.

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
KR	Fara yfir athugasemdir um framsetningu á myndum 7 og 13. Uppfæra skýrslu.
IB	Athugar með hvernig á að skrá viðhald hjá öðrum veitum.